



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 28. nóvember 2020

2011046SA GB
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um drög að frv. um stefnumarkandi áætlanir á sviði samgöngu- fjarskipta- og byggðamála, mál nr. S-248/2020

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnvalda frá 13. nóvember sl. þar sem óskað er eftir umsögnum um ofangreint frumvarp.

Almennt

Sambandið veitti umsögn um áformaskjal um sama mál, dags. 2. september 2020. Afar jákvætt er að í því frumvarpi sem nú er til umsagnar hefur í öllum meginatriðum verið tekið tillit til ábendinga sambandsins.

Tilfni er til að ítreka að samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið á heiður skilinn fyrir þann metnað sem það hefur sýnt við að bæta verklag og umgjörð um stefnu- og áætlanagerð á málefnasviðum ráðuneytisins.

Á meðal jákvæðra breytinga sem fram koma í frumvarpinu má einkum nefna eftirfarandi atriði:

- Einföldun löggjafar: Felld eru á brott gildandi lög um samgönguáætlun, nr. 33/2008, og um byggðaáætlun og sóknaráætlanir, nr. 69/2015, auk þess sem sérstök ákvæði um fjarskiptaáætlun eru ekki í frumvarpi til nýrra laga um fjarskipti. Í stað þeirra koma ákvæði frumvarpsins um samhæfðar áætlanir á þessum þremur sviðum.
- Skipan ráða: Ekki er gert ráð fyrir því að forstöðumenn stofnana og starfsmenn ráðuneytisins verði lengur með föst sæti í ráðum en þeir munu áfram koma að vinnu þeirra ásamt öðrum sérfræðingum eftir þörfum.
- Samþætting við sveitarstjórnarlög: 9. gr. frv. felur í sér tilteknar breytingar á gildandi ákvæðum sveitarstjórnarlaga um framlagningu þingsályktunar um stefnumótandi áætlun ríkisins um málefni sveitarfélaga. Er það gert til að gæta samræmis við þær áætlanir sem frumvarpið tekur til með beinum hætti.
- Staða sóknaráætlana landshluta: Ákvæði um sóknaráætlanir í núgildandi lögum um byggðaáætlun og sóknaráætlanir verða færð í sveitarstjórnarlög í námunda við ákvæði um landshlutasamtök sveitarfélaga en gerð sóknaráætlana er verkefni landshlutasamtakanna. Gert er ráð fyrir því að sérstakur stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál starfi áfram þó ákvæði 2. gr. gildandi laga um byggðaáætlun og sóknaráætlanir falli á brott.


Hlutverk stýrihópsins verði sem fyrr að efla samhæfingu innan Stjórnarráðsins í 7 málefnum sem snúa að byggðamálum, tryggja aðkomu allra ráðuneyta að undirbúningi byggðaaætlunar og tryggja virkt samráð við sveitarstjórnarstigið í þessum málaflokki.

Lokaorð

Samband íslenskra sveitarfélaga telur framangreindar breytingar vera jákvæðar og styður að frumvarpið verði að lögum. Tekið skal fram að sambandið er sammála þeirri niðurstöðu að nýleg lagaákvæði um stefnumótandi áætlun ríkisins um málefni sveitarfélaga verði áfram í sveitarstjórnarlögum, enda nýtur sú áætlun nokkurrar sérstöðu vegna sjálfstæðis sveitarstjórnarstigsins. Stefnumörkun á því sviði verður hins vegar samhæfð þeim þremur áætlunum sem frumvarp þetta tekur til eins og kostur er og þá munu fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga eiga sæti í samgönguráði, fjarskiptaráði og byggðamálaráði skv. 5. gr. frumvarpsins.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Guðjón Bragason

sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs

Samrit: